

Fjarðabyggð  
Valur Sveinsson  
Hafnarbraut 2  
730 Fjarðabyggð



Reykjavík, 22. mars 2013  
Tilvísun: UST20130100186/ksj

**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, þéttbýlisuppráttur fyrir Norðfjörð ásamt umhverfisskýrslu. Tillaga að deiliskipulagi Naust 1, Norðfjarðarhöfn og nágrenni. Umsögn**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 29. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðarbyggðar 2007 – 2027. Breytingartillagan felur í sér stækkun fiskihafnar á Norðfirði. Einnig er óskað umsagnar um tillögu að deiliskipulagi á svæðinu Naust – 1, Norðfjarðarhöfn og nágrenni.


Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 – 2027.


**Tillaga að deiliskipulagi á svæðinu Naust – 1, Norðfjarðarhöfn og nágrenni.**

**Fráveita**

Þar sem á iðnaðarsvæði er gert ráð fyrir starfsemi sem talin er geta haft mengun í för með sér, telur Umhverfisstofnun mikilvægt að í deiliskipulagstillögu verði gerð grein fyrir fráveitu frá iðnaðarsvæðinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Hákon Ásgeirsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

Alta